



Ísafjarðarbær
Helga Þ. Magnúsdóttir
Hafnarstræti 1
400 ÍSAFJÖRÐUR

Garðabær, 15.7.2025

Málsnúmer: 202505-0057/-0058

IAS

Efni: Seljalandshverfi, nýting jarðhita. Breyting á deiliskipulagi og Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Vísað er til tveggja erinda frá Ísafjarðarbæ, frá 28. maí 2025, þar sem óskað er umsagna Náttúrufræðistofnunar um breytingar á deiliskipulagi og Aðalskipulagi Ísafjarðar.

Markmið aðalskipulagsbreytingarinnar eru að:

- Heimila nýtingu jarðhitavatns af jarðhitasvæðinu í Tungudal til húshitunar á Ísafirði.
- Heimila stofnlagnir og dælustöð hitaveitu til að leiða jarðhitavatn frá uppsprettu í borholum innan svæðisins að kyndistöðvum Orkubús Vestfjarða á Tunguskeiði og við Mjósund.
- Skapa aðstöðu fyrir vinnslu og dælingu jarðhitavatnsins við borholur í Seljalandshverfi.
- Heimila frekari jarðhitaleit innan svæðisins.
- Tryggja að framkvæmdir valdi sem minnstum neikvæðum áhrifum á umhverfið og að vandað verði til umhverfisfrágangs.

Í skipulagslýsingu var ekki gert ráð fyrir dælustöð á Torfnesi.

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnin breyting á deiliskipulagi Seljalandshverfis.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um breytingarnar þann 8. febrúar 2025 og ítrekar hér að fyrirhuguð lagnaleið liggur um svæði sem er á náttúruminjasrá, svæði 317: „Fjörur í Botni Skutulsfjarðar“ og nýtur hverfisverndar (H6). Um er að ræða víðáttumiklar, lífauðugar leirur með miklu fuglalífi. Ef ekki er unnt að finna aðra leið fyrir lagnirnar þarf að tryggja að raski verði haldið í lágmarki og vel verði gengið frá að framkvæmdum loknum. Þá þarf að tryggja að heitt affallsvatn berist ekki í Tunguá og út á leirurnar framan við ósa árinna.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur